

Viðauki við grunnlýsingu dags. 20. desember 2018
vegna 70.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldaskjala

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Grunnlýsing dagsett 20. desember 2018 útgefin af Lykli fjármögnun hf. (hér eftir nefnd grunnlýsingin og Lykill eða félagið), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þess og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

Vanefndatilvik

Í 4. kafla grunnlýsingarinnar er fjallað um mögulega skilmála skuldaskjalanna og vanefndatilvik tilgreind í undirkafla 4.2.14. Með viðauka þessum er bætt við málsgrein er varðar vanefndir annarra skuldbindinga. Þetta er gert með breytingu á undirkafla 4.2.14.1 Greiðsludráttur. Heiti undirkaflans breytist og verður Greiðsludráttur og vanefndir annarra skuldbindinga. Þá bætist við ný málsgrein í undirkafla 4.2.14.1 og verður hann þá svohljóðandi eftir uppfærslu:

4.2.14.1 Greiðsludráttur og vanefndir annarra skuldbindinga

Hafi útgefandi ekki innt af hendi útstandandi fjárhæð skuldaskjalanna innan þess frests eftir gjalddaga sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum, nema í þeim tilvikum þar sem greiðsludrátt er alfarið að rekja til tæknilegra þátta eða þátta er varða umsýslu, og telst viðtökudráttur ekki vera vanskil.

Vanefni útgefandi fjárhagslegar skuldbindingar sínar samkvæmt lánasamningum eða verði vanskil hjá útgefanda á greiðslu annarra fjárskuldbindinga sinna, umfram ISK 300.000.000,- (eða sambærileg fjárhæð í erlendri mynt). Þetta á þó ekki við ef slík vanefnd stafar af réttlætunlegum mótmælum útgefanda við slíkri kröfu og eðlilegum vörnum er haldið uppi.

Breyting þessi leiðir ekki til breytinga á kafla 1 Samantekt.

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Fjármálasviðs Lykils fjármögnunar hf., kt. 621101-2420, Ármúla 1, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Lykils fjármögnunar hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem viðaukinn hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hefur verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 7. maí 2019

Fyrir hönd Lykils fjármögnunar hf.



Lilja Dóra Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri



Sighvatur Sigfússon
Sviðsstjóri Fjármálasviðs